


Umhverfisstofnun
Ab. <u>SF</u>
26 FEB. 2004
<u>54.23</u>
Tilv. UST20030500088



Umhverfisstofnun

Mosfellsbær
Tryggvi Jónsson
Þverholti 2
270 Mosfellsbær

25. febrúar 2004

Tilvísun: UST20030500088/sf

Deiliskipulag golfvallar á Blikastaðanesi, staðsetning göngu- og reiðstíga

Vísað er til fundar þann 10. febrúar sl. vegna deiliskipulags golfvallar á Blikastaðanesi. Á fundinum voru fulltrúar Hestamannafélagsins Harðar, Mosfellsbæjar og golfvallarins í Mosfellsbæ auk skipulagsráðgjafa og starfsmanna Umhverfisstofnunar.

Á fundinum var rædd ósk hestamannafélagsins þess efnis að reiðstígur um Blikastaðanes liggi nær ströndinni og fjær golfvellinum en göngustígurinn um nesið. Helstu rökin sem lögð voru fram því til stuðnings eru eftirsarandi:

- Minni hætta er á að hestar fælist og að riðið sé inn á golfvöllinn.
- Ekki þarf að ríða yfir malbikaðan göngustíg til að hestamenn komist niður í fjöruna við Blikastaðanes, en vinsælt er að ríða niður í leirurnar í Leiruvogi.
- Ekki sé gott fyrir hestana að ríða yfir malbikaða stíga.
- Það valdi hvorki truflun fyrir hestamenn né göngufólk, að fólk gangi yfir reiðstíginn til að fara niður í fjöruna.

Í umræðum um málið kom fram að ekki verður komist hjá því að reiðstígar og göngustígar þveri hvem annan, hvort sem göngustígur eða reiðstígur liggi nær ströndinni við Blikastaðanes. Nægjanlegt er að hafa kaðla eða eitthvað slíkt ofan við stígana til að skilja golfvallarsvæðið frá göngu- og reiðstígum en ekki nauðsynlegt að hafa kaðla beggja vegna við reiðstíginn. Fram kom hjá bæjarverkfræðingi Mosfellsbæjar að ekki verði hægt að komast hjá því að göngustígurinn verði malbikaður þar sem fyrirsjáanlegt er að íbúar bæjarins muni gera kröfu um það.

Umhverfisstofnun getur tekið undir það að ákveðin rök styðji það sjónarmið að betur færí á að reiðstígur liggi nær strönd Blikastaðaness en göngustígur um nesið. Stofnunin telur að einnig séu gild rök fyrir því að betra væri að göngustígurinn verði nær ströndinni og reiðstígurinn fjær. Í umsögnum sínum um deiliskipulag golfvallar á Blikastaðanesi hefur stofnunin lagt á það áherslu að við skipulag svæðisins verði öllum þeim sem njóta vilja útvistar á nesinu tryggður góður aðgangur að svæðinu og að tekið sé tillit til hagsmuna allra aðila, að svo miklu leyti sem hægt er. Stofnunin hefur litið svo á að með því að leggja göngustíginn nær ströndinni og hafa reiðstíginn ofan við hann væri þeim sem nýta

göngustíginn betur tryggður að gangur að ströndinni. Með því að hafa stíginn ofan við reiðstíginn sé að vissu leyti búið að draga úr upplifun gangandi fólks sem njóta vill útivistar við ströndina.

Neðan núverandi golfvallar liggur reiðstígurinn við ströndina en göngustígurinn liggur fjær ströndinni. Þar er gott aðgengi fyrir hestamenn að leirum í Leiruvogi og auðvelt að ríða út á leirurnar. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að ef heimilt verður að ríða niður í Leiruvog utar á Blikastaðanesi, þar sem bakkinn niður að ströndinni er brattari, þyrfti að gera ráð fyrir ákveðnum leiðum niður í fjöruna, en ekki miða við að alls staðar sé hægt að ríða frá nesinu niður á leirurnar.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 er deiliskipulag háð samþykki sveitarstjórnar. Eins og fram kemur hér að framan skerðist upplifun gangandi vegfaranda ef göngustígurinn er ofan við reiðstíginn. Umhverfisstofnun tekur ekki afstöðu í þessu máli, en leggur ríka áherslu á að aðgengi gangandi að ströndinni verði tryggt. Umhverfisstofnun telur að það sé í höndum Mosfellsbæjar að vega og meta þau sjónarmið sem fram hafa komið og taka endanlega ákvörðun um legu stíga á Blikastaðanesi.

Virðingarfyllst,



Sigrún Friðriksdóttir



Helgi Jónasson
forstöðumaður framkvæmda-
og eftirlitssviðs